

Reglur Kaupþing Heildarvísitölusjóðs

1. gr.

Heiti sjóðsins.

Nafn sjóðsins er Kaupþing Heildarvísitölusjóður. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings banka hf., kt. 700996-2479, Borgartún 19, 105 Reykjavík.

Erlent heiti sjóðsins er Kaupthing OMXIPI Fund.

Sjóðurinn starfar óskiptur og hefur ekki heimild til markaðssetningar í öðrum ríkjum en á Íslandi.

Vegna aðstæðna sem sköpuðust á fjármálamörkuðum í byrjun október 2008 hefur eignum sjóðsins verið skipt í tvo flokka, A og B flokk. Eignum sjóðsins verður skipt niður á þessa tvo flokka í samræmi við seljanleika eignaflokka. Í B flokk verða þær eignir sem óvissa ríkir um seljanleika sem og skráningu í OMX Nordic Exchange Iceland hf. Í A flokk færast þær eignir sem skráðar eru eða ætla má að skráðar verði í OMX Nordic Exchange Iceland hf. svo og aðrar eignir eins og t.d. innlán. Hlutdeildarskírteini sem nú þegar hafa verið gefin út skiptast í A og B flokka í réttu hlutfalli við skiptingu eigna sjóðsins milli þessara flokka þegar reglum þessum var breytt.

Opið verður fyrir viðskipti með hlutdeildarskírteini í A flokki. Ekki verður hægt að kaupa hlutdeildarskírteini í B flokki og hlutdeildarskírteini í þeim flokki verða ekki innleyst að kröfu hlutdeildarskírteinishafa.

Reynt verður að selja eignir í B flokki og mun sjóðurinn að minnsta kosti á þriggja mánaða fresti greiða á vörslureikning hvers hlutdeildarskírteinishafa B flokks eign hans í flokki B, eftir því sem eignir í flokknum fást greiddar, uns engar eignir eru eftir í flokki B. Ef hlutdeildarskírteinishafi á ekki vörslureikning, mun slíkur reikningur verða stofnaður í hans nafni, og greiðslur úr flokki B lagðar inn á þann reikning. Markmiðið með þessum aðgerðum er að slíta sjóðnum að hluta.

Með þessu móti er hægt að eiga viðskipti með hlutdeildarskírteini í A flokki og einnig tryggja jafnræði hlutdeildarskírteinishafa við þær aðstæður sem nú ríkja.

Reglubreyting þessi er gerð á grundvelli 2. mgr. 12. gr. laga nr. 30/2003.

2. gr.

Fjárfestingarstefna sjóðsins.

A flokkur

Ávöxtunarviðmið Kaupþing Heildarvísitölusjóðs er Heildarvísitala Nasdaq OMX á Íslandi (OMXIPI) og er markmið sjóðsins að gera betur en OMXIPI. Þó er heimilt að fjárfesta í félögum utan OMXIPI vísitölnunnar. Einnig er heimilt að fjárfesta allt að 50% af eignum sjóðsins í óskráðum verðbréfum skv. 31. gr., sbr. 2. tölul. 54. gr., laga nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Kaupþing Heildarvísitölusjóður mun að öllu jöfnu ekki taka lán nema vegna tímabundinna aðstæðna, s.s. óvæntra innlausna, sem þess krefjast og mun sú upphæð ekki fara yfir 10% af eignum sjóðsins.

Í samræmi við lög nr. 30/2003 hefur sjóðurinn heimild til að binda fé sitt í afleiðum svo fremi sem þær séu innan þeirra fjárfestingatáknmarkana sem um sjóðinn gilda, sbr. einkum 5. og 6. tölul. 30. gr., 34. gr., 41. gr. og 3 tölul. 54 gr. laganna. Markmið viðskipta með afleiður er annars vegar að draga úr áhættu sjóðsins, s.s. endurfjárfestingaráhættu og hins vegar að framfylgja fjárfestingarstefnu sjóðsins með stöðutöku í undirliggjandi fjármálagerningi viðkomandi afleiðu.

Kaupþing Heildarvísitölusjóður er fjárfestingarsjóður og takmarkast fjárfestingarheimildir sjóðsins við sundurliðun fjárfestinga skv. neðangreindri töflu og 1., 2. og 3. tölul. 54. gr. laga nr. 30/2003, þ.e. aukið svigrúm fjárfestingarsjóða umfram verðbréfasjóði til fjár-

festinga í einstökum útgefendum og til fjárfestinga í hlutdeildarskírteinum annarra sjóða en verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða.

Sjóðnum er heimilt að nýta sér heimild 1. tölul. 54. gr. laga nr. 30/2003 til að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu en verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða.

Sjóðnum er heimilt að nýta sér heimild 2. tölul. 54. gr. laga nr. 30/2003 til að fjárfesta umfram 10%, og allt að 50%, í óskráðum verðbréfum og peningamarkaðsskjölum

Sjóðnum er heimilt skv. 3. tölul. 54. gr. laga nr. 30/2003 að binda allt að 20% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsskjölum útgefnum af sama útgefanda. Þó er heimilt að binda allt að 35% af eignum sjóðsins í skráðum verðbréfum í kauphöll og peningamarkaðsskjölum útgefnum af sama útgefanda enda sé fjárfesting yfir 20% eignum sjóðsins aðeins í einum útgefanda. Aðrar fjárfestingarheimildir 54. gr. laganna er sjóðnum ekki heimilt að nýta.

Að öðru leyti fer því um fjárfestingar sjóðsins eftir II. kafla F í lögnum sem gildir um fjárfestingar verðbréfasjóða.

Sundurliðun fjárfestinga Kaupþing Heildarvísitölusjóðs	%
Hlutabréf skráð í Nasdaq OMX Ísland	50-100%
Óskráð hlutabréf	0-50%
Innlán fjármálafyrirtækja	0-50%
Stöðutaka í afleiðum	0-10%
Aðrir fjármálagerningar en um er getið í liðum 1-3 skv. hér að framan	0-10%

Fjárfestingarstefna

B flokkur

Eignir í B flokki eru ekki hluti af fjárfestingarstefnu sjóðsins. Eini tilgangur flokksins er að selja eignir hans og úthluta þeim til hlutdeildarskírteinishafa í hlutfalli við eign þeirra. Markmið framangreindra aðgerða er að slíta B flokki sjóðsins.

3. gr.

Verkefni sjóðsins.

Rekstrarfélag Kaupþings banka hf., kt. 700996-2479, fer með rekstur sjóðsins í samræmi við lög nr. 30/2003.

Vörslufyrirtæki sjóðsins er Arion verðbréfavarsla hf., kt. 470502-2450, Ármúla 13, 108 Reykjavík. Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. er óheimilt að skipta um vörsluaðila nema að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins.

Auk verðbréfavörslu sinnir Arion ýmsum öðrum verkefnum í rekstri sjóðsins. Samkvæmt 18. gr. laga nr. 30/2003 hefur rekstrarfélag sjóðsins fengið samþykki Fjármálaeftirlitsins fyrir því að útvista til Arion ýmsum lögbundnum verkefnum rekstrarfélagsins, s.s. að annast mat á verðmæti verðbréfa og annarra eigna sjóðsins. Samkvæmt sömu lagaheimild viðheldur Arion skrá yfir eigendur hlutdeildarskírteina, annast útreikninga á innlausnarvirði sjóðsins og annast vörslu hlutdeildarskírteina og annarra gagna um viðskipti. Samkvæmt 2. mgr. 18. gr. laga nr. 30/2003 hefur útivistun á framangreindum lögbundnum verkefnum rekstrarfélagsins engin áhrif á ábyrgð félagsins gagnvart eigendum hlutdeildarskírteina.

Arion annast og ber ábyrgð á bókhaldi og uppgjöri sjóðsins í samræmi við samþykktir sjóðsins, lög um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, og bókhaldslög. Arion sér um að útbúa og senda efnahags- og rekstrarreikninga skv. lögum til endurskoðanda. Jafnframt skal Arion senda mánaðarlega skýrslu til Seðlabanka og skýrslu til Fjármálaeftirlitsins mánaðarlega í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru vegna þeirra sjóða sem um ræðir. Aðrar skýrslugjafir til opinberra aðila vegna sjóðsins er jafnframt í höndum Arion ef efnið varðar þá þætti sem Arion hefur tekið að sér samkvæmt samningnum.

Í lok hvers mánaðar sér Arion um að greiða eignastýringar- og vörsluþóknun fyrir sjóðina. Mánaðarlegt uppgjör sjóðanna, uppgjör til endurskoðanda, skýrslur til utanaðkom-

andi eftirlitsaðila og viðskiptamanna skal borið undir framkvæmdastjóra Rekstrarfélags Kaupþings banka hf. til umsagnar.

Kaupþing banki hf. er söluaðili sjóðsins og annast þjónustu við þá sem fjárfesta í sjóðnum eða óska eftir upplýsingum í tengslum við fyrirhugaða fjárfestingu í sjóðnum og annast milligöngu um útgáfu og innlausn hlutdeildarskírteina. Kaupþing banki hf. annast markaðsetningu og sölu hlutdeildarskírteina að öðru leyti.

Um verkefni sjóðsins fer nánar skv. samningum Rekstrarfélagsins og viðkomandi aðila.

4. gr.

Þóknunir.

Þóknun Rekstrarfélags Kaupþings banka hf. fyrir rekstur sjóðsins skal að hámarki nema 2,5% p.a. af meðaltali verðmætis hreinnar eignar sjóðsins meðan hann er starfræktur, en í dag nemur þóknunin 1,38%.

Þóknun Arion verðbréfavörslu hf. fyrir umsjón og vörslu fjármálagerninga sjóðsins nemur 0,13% p.a. af meðaltali verðmætis hreinnar eignar hans á hverjum matsdegi hvers mánaðar meðan hann er starfræktur.

Auk umsýsluþóknunar rennur söluþóknun til Kaupþings banka hf. fyrir sölu hlutdeildarskírteina í sjóðnum. Söluþóknun er að hámarki 5% af verðmæti hreinnar eignar á hverja einingu. Söluþóknun endurspeglar í mun kaup- og sölugengis á hverjum tíma og í dag er hún 2%. Ekkert innlausnargjald er innheimt við innlausn eininga í sjóðnum.

5. gr.

Útgáfa hlutdeildarskírteina og innlausn þeirra.

A Flokkur

Allir, sem eiga hlutdeild að sjóðnum, eiga sama rétt til eigna og tekna hans í hlutfalli við eign sína.

Hlutdeildarskírteini verða gefin út af Rekstrarfélagi Kaupþings banka hf. til þeirra sem fá sjóðnum fjármuni til ávöxtunar og óska eftir því. Hlutdeildarskírteini verða send þeim sem þess óska í ábyrgðarpósti eigi síðar en 30 dögum eftir að kaupin eiga sér stað og söluaðili hefur gefið út kvittun. Hlutdeildarskírteini sjóðsins verða einungis seld gegn staðgreiðslu kaupverðs.

Hlutdeildarskírteini sjóðsins skulu innleyst að kröfu eigenda á því kaupgengi sem gildir í dagslok á innlausnardegi. Heimilt er að fresta innlausn hlutdeildarskírteina, mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjast þess, enda séu skilyrði laga nr. 30/2003 uppfyllt.

B flokkur

Engin ný hlutdeildarskírteini verða gefin út í B flokki.

Allir, sem eiga hlutdeild að sjóðnum, eiga sama rétt til eigna og tekna hans í hlutfalli við eign sína.

Hlutdeildarskírteini verða ekki innleyst að kröfu eigenda þeirra. Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. mun að eigin frumkvæði greiða inn á vörslureikninga hlutdeildarskírteinishafa, eftir því sem eignir sjóðsins eru seldar, sbr. 1. gr. reglnanna.

6. gr.

Ráðstöfun arðs og annars hagnaðar.

Arði og öðrum hagnaði af verðbréfaeign sjóðsins skal bætt við höfuðstól sjóðsins.

7. gr.

Útreikningur á innlausnarvirði hlutar.

Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina í sjóðinn er markaðsvirði samanlagðra eigna viðkomandi deildar að frádregnum skuldum hennar við innlausn, svo sem skuldum við innlánsstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum, deilt niður á heildarfjölda útgefina og óinnleysta hlutdeildarskírteina. Um útreikning á innlausnarvirði og mat á markaðsvirði eigna fer að öðru leyti skv. gildandi reglugerð á hverjum tíma.

8. gr.

Um slit sjóðsins og samruna við aðra sjóði.

A flokkur

Ef samanlagt markaðsverðmæti verðbréfa og annarra fjármálagerna A flokks fer undir 100.000.000 kr. skal stjórn rekstrarfélags sjóðsins kanna sérstaklega hvort hagstæðara sé fyrir hlutdeildarskírteinishafa að sjóðnum sé slitið. Tillaga um slit og/eða samruna sjóðsins skal tekin af Rekstrarfélagi Kaupþings banka hf. Tilkynna skal slíka tilhögun sérhverjum hlutdeildarskírteinishafa bréfleiðis ásamt upplýsingum um eign þess aðila í sjóðnum. Ákvörðunin skal einnig auglýst í dagblöðum.

Tilkynning til hlutdeildarskírteinishafa skal meðal annars hafa að geyma ákvæði um skilmála slita og/eða samruna og tilgreinda dagsetningu gildistöku slitanna og/eða samrunans og skal sú dagsetning vera minnst þremur vikum eftir útsendingu tilkynningar. Á því tímabili sem líður frá því rekstrarfélagið sendir út tilkynningu og þar til slit eða samruni sjóðs tekur gildi, skulu hlutdeildarskírteinishafar sem ekki eru samþykkið slitunum og/eða samrunanum hafa tækifæri til að krefjast innlausnar allra hlutdeildarskírteina sinna samkvæmt þeim skilmálum sem gilda um innlausn.

Komi til slita sjóðsins skal Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. koma eignum sjóðsins í verð með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa í fyrirrúmi og deila niður hreinum afrakstri af slíkum slitum, að frádregnum öllum kostnaði þeim tengdum, á hlutdeildarskírteinishafa í réttu hlutfalli við fjölda eininga í eigu þeirra. Rekstrarfélaginu er heimilt að deila niður eignum sjóðsins í heild eða að hluta til með framsali á verðbréfum til hlutdeildarskírteinishafa (in kind), á sanngjarnan hátt. Að þessu loknu skal endurskoðandi staðfesta skiptingu eigna. Afrakstur uppgjors sjóðsins sem enn er ógreiddur eftir lok skiptameðferðar, skal falinn rekstrarfélaginu til vörslu um sex mánaða tíma. Við lok þessa tímabils skulu eignir sem ekki hefur verið gerð krafa til, faldar Nýja Kaupþingi banka hf. til vörslu, í þágu þeirra er í hlut eiga.

B flokkur

B flokki verður slitið þegar engar eignir eru eftir í eignasafni flokksins. Ákvörðun um slit verður tekin af stjórn Rekstrarfélags Kaupþings banka hf. Ef eign í B flokki verður verðminni en 50 milljónir króna og ekki er útlit fyrir, að mati sjóðsstjóra, að sjóðurinn nái að koma þeirri eign í verð, er rekstrarfélaginu heimilt að deila niður eignum sjóðsins í heild eða að hluta með framsali á verðbréfum til hlutdeildarskírteinishafa (in kind), á sanngjarnan hátt. Að þessu loknu skal endurskoðandi staðfesta skiptingu eigna.

Tilkynna skal slíka tilhögun sérhverjum hlutdeildarskírteinishafa bréfleiðis ásamt upplýsingum um eign þess aðila í sjóðnum. Ákvörðunin skal einnig auglýst í einu dagblaði.

Tilkynning til hlutdeildarskírteinishafa skal meðal annars hafa að geyma ákvæði um skilmála slita og tilgreinda dagsetningu gildistöku slitanna.

Samruni sjóðsins við aðra sjóði er óheimill.

Reykjavík 29. september 2003,
með breytingum gerðum 4. mars 2007, 16. júlí 2008
og 1. desember 2008